

Sýsluvegasjóðsgjald lagt á sumarbústaðaeigendur

AM — Líkur eru á að sumarbústaðaeigendur verði senn krafðir um nýtt gjald fyrir sölureiti sína í sveitum landsins, hafi þeim ekki þegar borist rúkkunarbréfið en

hér ræðir um vegasjóðsgjald sem sveitarfélögum er heimilt að leggja á þá sem ekki eru útsvarsskyldir í héraði.

Að sögn Lárusar Ögmundsson-

ar hjá fjármálaáðuneyti er þetta gjald þó ekki nýtt nema að því leyti að það hefur ekki verið áður innheimt en heimildin mun orðin gömul. Ástæða þess að ekki hefur

verið eftir því gengið áður er sú, að í eldri ákvæðum var aðeins rættum að slíkum aðilum bæri að greiða tvö prómill af mannvirkjum, landi og lóð. Engin lag-

marksupphæð var þá tilgreind og fasteignamat ófullkomið svo ekki þótti taka að ganga eftir slíku smáræði.

Árið 1977 kom hins vegar inn í lög ákvæði, sem mæla fyrir um að „eigendur mannvirkja landa og lóða“, sem ekki greiða útsvar, skuli minnst gjalda 7000 kr. í sýsluvegasjóð, sem síðan breytist í samræmi við kaupgjald og afgjaldið sé þrjú prómill eignanna sem nú eru metnar samkvæmt fullkomnara fasteignamati.

Munu því sveitarfélögin hugsa sér til hreyfings með innheimtuna.



Nýskipaður sendiherra Íraks, hr. Abdul Jabbar Al-Haddawi og nýskipaður sendiherra Kenya, hr. Joel Wanyoike, afhentu forseta Íslands trúnaðarbréf sín í dag að viðstöddum Benedikt Gröndal, utanríkisráðherra. Sendiherrar þessir hafa aðsetur í Stokkhólmi. Síðdegis þágu sendiherrarnir boð forsetahjónanna að Bessastöðum ásamt nokkrum fleiri gestum.



Vefnaðarsýning á ferð um Norðurlönd

II.sýning norrænnar vefjarlistar 1979-80 (Nordisk Textiltiennale II) verður opnuð í Röhsska listiðnaðarsafninu í Gautaborg 20. júní og þaðan fer hún til Kaupmannahafnar, Helsinki, Óslóar, Þórshafnar í Færeyjum og endar að Kjarvalsstöðum í apríl 1980.

3ja manna dómnefnd var kosin í hverju landi fyrir sig, íslensku dómnefndina skipuðu Hrafnhildur Schram listfræðingur, Hörður Agústsson listmálari og

Magnús Pálsson myndlistarmaður. 27 verk bárust eftir 19 höfundum, 8 verk voru valin og var það kvóti Íslands á sýninguna.

Íslensku listamennirnir sem eiga verk á sýningunni eru: Asgerður Búadóttir, Gerla Geirsdóttir, Guðrún Auðunsdóttir, Guðrún Þorkelsdóttir, Hildur Hákonardóttir, Ragna Róbertsdóttir og Þorbjörg Þórðardóttir.

Vinnuhópur úr Textilfélaginu hefur séð um allan undirbúning hér

Gisli Kristjánsson:

DULARFULL DAUÐSFÖLL

Í 109. tölublaði Tímans þ. 16. maí var frá því sagt sem frétt, að sænskir bændur telji sig hafa orðið fyrir verulegum búisfjum vegna þess að háspennulínur hafi verið lagðar um lönd þeirra og af þeirri ástæðu hafi kýr þeirra orðið ófrjóar þegar þær gengu á beit undir loftleibslunum þar sem háspennnt rafmagn er flutt.

Fyrirbæri, álíka og þar var komið á framfæri, bárust úr ýmsum áttum eftir að alit umræddra bændu var gefið til kynna í blaðinu LAND og spurningum af því tilefni beint til fagmanna.

Skyld fyrirbæri hafa víðar verið á vettvangi og ekki að tilfænislausu gefið ástæðu til að spyrja einnig.

Dularfull dauðsföll

— rannsókn á orkuverum krafist, var fyrirsögn á grein í

Politiken í Kaupmannahöfn í mars s.l.

Tilefnið var það, að í rafmagnsorkuverum Dana hafa dauðsföll af ýmsum orsökum verið mjög algeng að undanfögnu, eða er ástæðan aðeins ein, sú að geislun eða orkusvið rafstöðvanna sé starfsmönnum hættulegt?

Þar segir að þrjú fagfélög hafi gengið fram fyrir skjöldu og krefjast þess að gaumgæfilega verði rannsakað hverjar ástæður séu fyrir því, að dauðsföll hafi verið óeðlilega algeng meðal starfslíðs í dönskum orkuverum að undanfögnu.

Tilefnið var þá, að fimmtíu og þriggja ára fagmaður hné dauður niður í orkuveri í Alaborg, en áður hefur álíka skeð á fjórum öðrum orkustöðvum.

Í raforkuverum á Fjöni og Asnesi hafa um undanfarin 12 ár starfað 250-270 manns og á sama tíma meðal þessa hóps verið

staðfestir kvillar sem hér segir: 19 blóðtappar, 4 heilablæðingar, 5 hjartaveitur, 2 krabbamein, 2 giftveiktílfelli og 4 aðrir alvarlegir kvillar.

Innan starfslíðsins hafa 14 aðiljar orðið að hætta störfum vegna örorku og því farið á eftirlaunalista eftir 14-16 ára störf á umræddum tveim stöðvum, þá aðeins 60-61 ára að aldri að meðaltali. Heilsufarástæður almennt í orkuverunum þykja svo sérlegar, að talið er bæði eðlilegt og sjálfsagt að kanna fyrirbærin nánar. Ekki er óeðlilegt þótt spurt sé hvort hér séu orkusvið af einhverju tagi völd að líf-eðlistruflunum, sem að undanfögnu hafa gert sín vart í mönnum og skepnunum eða hvaða fyrirbæri eru hér á ferð?? A galdraöld hefði þetta vafalaust verið kennt sendingum og gervingum einhverra aðilja, og máske er svo enn, bara í nýjum sniðum nútímans??



Frá 16. fulltrúafingi LSKF. í pontu er Ólafur S. Ólafsson fyrrverandi formaður sambandsins sem kosinn var heiðursfélagi á þessum fundi.

Framhaldsskólakennarar einhuga um stofnun Kennarasambands Íslands

Víta alþingismenn fyrir málþóf — um framhaldsskólafrumvarpið

Kás — Á 16. fulltrúafingi Landsambands framhaldsskólakennara sem haldið var fyrir stuttu var lýst yfir einhuga stuðningi við stofnun nýrra heildarsamtaka kennara, þ.e. Kennarasambands Íslands.

Innan Sambands grunnskólakennara og Landssambands framhaldsskólakennara eru nú um 2800 félagar en það eru þau

sambönd sem koma til með að sameinast. Stofnþing fyrir hið nýja kennarasamband verður haldið árið 1980. Fram til þess tíma mun sérstök samstarfsnefnd starfa og fer með þau mál sem varða samböndin sameiginlega og núverandi stjórnir fela henni.

Á þinginu var m.a. samþykkt harðorð ályktun, þar sem alþingismenn eru vittir fyrir að

nota svo mikilsvert mál sem framhaldsskólafrumvarpið í pólitískum tilgangi og stöðva framgang þess með málþófi. Þingið beinir því til stjórnvalda að lög um framhaldsskóla verði samþykkt sem allra fyrst, enda alls endis ótækt að framhaldsskólar starfi eins og raun ber vitni án þess að þar að lútandi löggjöf sé fyrir hendi.

FRÁBÆR NÁMSÁRANGUR

Þann 25. maí sl. var Valdimar Stefánsson syni Stefáns Stefánssonar forseta Þjóðræknisfélags Íslendinga í Vesturheimi og konu hans Ollu Stefánsson veitt sú ágætasta viðurkenning sem Wisconsin-Green Bay háskólinn lætur nemanda í té, er hann var útnefndur besti nemandi skólans 1979. Er þetta og æðsta viðurkenning, sem Alumní háskólastofnunin sem skólinn heyrir til getur veitt.

Hér er um myndarleg peningaverðlaun að ræða auk þess sem nafn Valdimars er skráð á töflu framúrskarandi námsmanna við skóla stofnunarinnar.

Verkefni það sem Valdimar hafði skilað með svo góðum árangri fjallaði um vatnsmiðlun

og skynsamlega nýtingu þess og meðferð, enda viðurkenningin grundvölluð á framlagi Valdimars til bættis sambands mannsins við umhverfi sitt.

